

Smith & Norland býður einstaklingum upp á kortalán til að greiða fyrir vörur í samstarfi við Borgun hf. Hægt er að dreifa greiðslum vegna stærri innkaupa í allt að 36 mánuði. Mastercard og Visa kortahafar eiga kostna á að nýta sér þessa greiðsluleið að því gefnu að korthafi standist lánaramma og lánshæfismat Borgunar. Boðið er upp á lán með eða án vaxta (ath. Misjafnt hvað er í boði hjá hverju fyrirtæki).

## Lánarammi Borgunar:

Aldur	hámarks heildarupphæð	fjöldi lána
18-24	350.000 kr.	3 stk.
25-35	600.000 kr.	3 stk.
36-70	800.000 kr.	4 stk.
70+	550.000 kr.	3 stk.

## Hvaða skilyrði þarf korthafi að uppfylla til að geta keypt vöru á kortaláni:

- Lántaki þarf að eiga Visa eða Mastercard kreditkort útgefið á Íslandi.
- Lántaki sé með lögheimili á Íslandi.
- Lántaki fái samþykki frá Borgun þ.e. standist kröfur um lánaramma og lánshæfismat Borgunar.
- Að lántaki skrif sjálfur undir lánasamninginn.

## Kostnaður korthafa:

### **Hefðbundið staðgreiðslulán með vöxtum:**

- 12,85% ársvextir reiknast af höfuðstól lánsins og bætast við afborgun hverju sinni
- 3,5% lántökugjald bætist við höfuðstól lánsins
- 340 kr. greiðslugjald leggst ofan á hvern gjalddaga

### **Staðgreiðslulán án vaxta:**

- 3,5% lántökugjald bætist við höfuðstól lánsins
- 340 kr. greiðslugjald leggst ofan á hvern gjalddaga